

Nd.

378. Frumvarp

til laga um breyting á lögnun nr. 18, 1. okt. 1919, um greiðslu af rikisfé til konungs og konungsættar.

Flntningsm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til konungs og konungsættar skal greiða af rikisfé 60000 kr. á ári í íslenskum peningum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1933.

Greinargerð.

Borðfé konungs og konungsættar hefir nú um alllangt skeið verið greitt í dönskum peningum, eða síðan gengismunur varð á íslenskum og dönskum gjaldeyri, og hækkar þetta upphæðina í gildandi fjárlögum úr 60000 kr., eins og greiðslan er ákveðin í lögum frá 1919, um 13200 kr., upp í 73200 kr.

Það virðist hafa verið miður ráðið að taka þann hátt upp að greiða konungi Íslands borðfé héðan í dönskum krónum. Auk þess sem slíkt má telja ofrausn, og þá ekki hvað sízt á þeim tímum, er öllu þarf að halda sem mest til sparnaðar, þá fer og í alla staði hezt á því, að þjóðhöfðingjanum sé goldið í þeirri mynteiningu, sem þegnar ríkisins eiga við að búa.